

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
57. fundur, haldinn í Snæfellsstofu, 25. apríl 2013

Mættir: Björn Ármann Ólafsson, Þórhallur Þorsteinsson, Skúli Björn Gunnarsson, Ruth Magnúsdóttir og Einar Kr. Haraldsson. Jóhann F. Þórhallsson var seinn fyrir og mætti kl. 13.35. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður.

Dagskrá:

- 1. Dagskrá fundar og undirritun fundargerða**
- 2. Dagskrá vorfundarins yfirfarin**
- 3. 5 ára afmæli Vatnajökulspjóðgarðs**
- 4. Næsti fundur**
- 5. Önnur mál**

Á undan fundinum var snæddur hádegisverður í Klausturkaffi en síðan farið yfir í Snæfellsstofu. Björn Ármann stýrði fundi og setti hann kl. 12.40.

1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fundargerð 56. fundar sem samþykkt hafði verið í tölvupósti var undirrituð.

2. Dagskrá vorfundarins yfirfarin

Auglýstur hafði verið vorfundur (opinn svæðisráðsfundur) í kjölfar svæðisráðsfundarins og hann á að hefjast kl. 14. Þjóðgarðsvörður fór yfir dagskrá hans. Svæðisráðsformaður mun kynna starfsemi þjóðgarðsins og störf svæðisráðs. Síðan mun Rán Þórarinsdóttir segja frá nýju RAMSAR svæði í þjóðgarðinum á Eyjabökkum, Þóriseyjum og Snæfellsnesi. Farið verður yfir fyrirhugaða stækkun þjóðgarðsins í Krepputungu og Kverkárnesi. Einnig kynnrir Orri samstarf þjóðgarðsins við skóla á Austurlandi. Agnes ætlar að segja frá námsferð sem hún fór í þjóðgarða í Bandaríkjunum. Sumardagskrá verður kynnt og síðan opnað fyrir umræður.

3. 5 ára afmæli Vatnajökulspjóðgarðs

Þjóðgarðsvörður sagði lauslega frá þeim hugmyndum sem komið hafa fram um afmælisdagskrá á 5 ára afmæli þjóðgarðsins í byrjun júní. Tímamótanna verður minnst á öllum svæðum með einhverjum hætti. Stefnt er á tónleika og smá dagskrá í Snæfellsstofu á afmælisdaginn en einnig að hafa fleiri viðburði síðar á árinu tengda afmælinu, t.d. áhugaverða fyrirlestra. Svæðisráð nefndi sem valkost skipulagða ferð fyrir almenning inn í þjóðgarðinn, t.d. í Krepputungu, þegar liði á sumarið. Þjóðgarðsvörður mun halda áfram að móta dagskrána á næstu vikum með sínu starfsfólki og í samhengi við það sem gert verður á öðrum svæðum.

Jóhann mætti á fundinn.

4. Næsti fundur

Næsti stjórnarfundur ákveðinn 6. júní síðdegis. Einnig rætt um að stefna á 7.-8. september sem daga fyrir ferð svæðisráðs í Krepputungu og Hveragil.

5. Önnur mál

- a. **Síðasti stjórnarfundur.** Formaður sagði frá helstu atriðum sem rædd voru á síðasta stjórnarfundi.

- b. **Möðrudalur og Aðalból.** Rætt var um mikilvægi þess að ná samningum um upplýsingagjöf fyrir þjóðgarðinn í Möðrudal og einnig á Aðalbóli. Á suðursvæði þjóðgarðsins hafa margir slíkir samningar verið gerðir undanfarin misseri sem hægt er að hafa til hliðsjónar. Svæðisráð leggur áherslu á að samningar um þessar útstöðvar verði kláraðir í ár og í þeim verði horft til framtíðarsamstarfs.
- c. **Slóðir á austursvæði.** Rætt stuttlega um slóðamál á austursvæði. Viðræður standa enn milli stjórnar þjóðgarðsins og Vegagerðarinnar um ábyrgð á slóðum innan garðsins. Vonir standa til að niðurstaða náist í því á næstunni. Málið verður tekið til frekari umræðu á næstu svæðisráðsfundi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14.00 en þá tók við vörfundur svæðisráðs.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Ruth Magnúsdóttir

Einar Kr. Haraldsson

Þórhallur Þorsteinsson